

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 317

Dagsetning: 9. desember 2025

Fundartími: 08:15 – 9:29

Fundarstaður: Orkugarður fundarsalur 2. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson
Þröstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi.

Fjarverandi

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

Gestir

Dagskrá fundar

1. Fjárhagsáætlun 2026 – Færsla milli kostnaðarliða
2. Styrkjamál – Stjórnar- og bakhjarlastyrkir 2025
3. Styrkjamál – Samfélagsstyrkir 2026
4. Veitur í Dalvíkurbyggð, samningur um þjónustu
5. Önnur mál

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Fjárhagsáætlun 2026 – Færsla milli kostnaðarliða

Á 315. fundi ákvað meirihluti stjórnar að auka við fjármagn í styrki um 5 millj. kr. Hagræða þarf í öðrum liðum til að mæta því. Farið yfir tillögu fjármálastjóra og forstjóra.

Stjórn samþykkir að færa samtals 5 millj. kr. af tilgreindum kostnaðarliðum yfir í styrkfé. Sú tilfærsla hefur hvorki áhrif á niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2026 né þriggja ára áætlun 2027 - 2029.

2. Styrkjamál – Stjórnar- og bakhjarlastyrkir 2025

Stjórnar- og bakhjarlastyrkir Norðurorku eru veittir til verkefna sem styðja við jákvæða þróun samfélags innan veitusvæðis. Farið yfir umsóknir sem borist hafa um stjórnar- og bakhjarlastyrki. Sóley Björk Stefánsdóttir bar upp vanhæfi til að fjalla um málið. Var það samþykkt og vék hún af fundi undir þessum lið.

Stjórn samþykkir að veita stjórnarstyrki til eftirfarandi aðila/verkefna en öðrum umsóknum um stjórnar- og bakhjarlastyrki hafnað.

- Velferðarsjóður Eyjafjarðar v/Jólaaðstoð
- Sorgarmiðstöð v/ verkefnisins Hjálp48
- Rauði krossinn v/Hjálparsíma 1717 og netspjallið 1717.is
- Aflið – samtök fyrir þolendur ofbeldis
- KA/Þór handbolti kvenna
- Þór/KA kvennaknattspyrna

3. Styrkjamál – Samfélagsstyrkir 2026

Sviðsstjóri á skrifstofu forstjóra fór yfir fyrirbyggjandi minnisblað og niðurstöðu vinnuhóps starfsfólks varðandi úthlutun samfélagsstyrkja 2026. Alls bárust 73 umsóknir og varð það niðurstaða vinnuhópsins að styrkja 40 verkefni.

Lagt fram til kynningar.

4. Veitur í Dalvíkurbyggð, samningur um þjónustu

Þann 24. nóvember var undirritaður samningur á milli Norðurorku hf og Dalvíkurbyggðar um "ráðgjöf og þjónustu Norðurorku hf. við rekstur vatns-, hita- og fráveitu í Dalvíkurbyggð." Samningurinn er tímabundinn og gildir til 31. október 2026.

Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

a) Ytri Hagi. Rætt um áhrif af borframkvæmdum á nærliggjandi byggð.

b) Viðskiptavinir Fallorku þurfa að velja sér nýjan raforkusala fyrir 10. desember. Ef einhverjir gera það ekki hvílir sú lagaskylda á dreifiveitunni, þ.e. Norðurorku að loka fyrir rafmagn hjá þeim sem ekki hafa valið raforkusala. Farið yfir stöðuna og horfur næstu daga og vikna.

a) Til upplýsingar.

b) Til upplýsingar.